

SAMANTEKT Á EIGINLEIKUM LYFS

1. HEITI LYFS

Treo Citrus 500 mg/50 mg freyðitöflur.

2. INNIHALDSLÝSING

Hver freyðitafla inniheldur 500 mg af asetýlsalicýlsýru og 50 mg af koffíni.

Hjálparefni með þekkta verkun:

Natríum (276 mg í hverri freyðitöflu), súkrósi (17 mg í hverri freyðitöflu), sojalesítín og maltódestrín (1 freyðitafla inniheldur 20 mg maltódestrín sem samsvarar 2,8 mg glúkósa) (sjá kafla 4.4).

Sjá lista yfir öll hjálparefni í kafla 6.1.

3. LYFJAFORM

Freyðitafla.

Hvítar, kringlóttar og flatar freyðitöflur, 20 mm í þvermál.

4. KLÍNÍSKAR UPPLÝSINGAR

4.1 Ábendingar

Vægir verkir.

Mígreni.

4.2 Skammtar og lyfjagjöf

Skammtar

Ekki má nota Treo Citrus fleiri en 10 sólarhringa í mánuði. Ekki á að taka fleiri en 8 töflur á hverjum 24 klukkustundum.

Fullorðnir

Vægir verkir: 1-2 freyðitöflur leystar upp í ½ glasi af vatni 1-4 sinnum á sólarhring.

Mígreni: 2 freyðitöflur leystar upp í ½ glasi af vatni 1-4 sinnum á sólarhring.

Börn

Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 15 ára án samráðs við lækni.

Má ekki nota handa börnum yngri en 15 ára með sótthita (sjá kafla 4.3).

Skert lifrarstarfsemi

Má ekki nota fyrir sjúklinga með verulega skerta lifrarstarfsemi (sjá kafla 4.3). Nauðsynlegt getur verið að aðlaga skammta hjá sjúklingum með skerta lifrarstarfsemi (sjá kafla 4.4).

Skert nýrnastarfsemi

Má ekki nota fyrir sjúklinga með verulega skerta nýrnastarfsemi (GFR <10 ml/mín) (sjá kafla 4.3).

Nauðsynlegt getur verið að aðlaga skammta hjá sjúklingum með skerta nýrnastarfsemi (sjá kafla 4.4).

Lyfjagjöf

Leysa á freyðitöfluna upp í ½ glasi af vatni.

4.3 Frábendingar

- Ofnæmi fyrir asetýlsalicýlsýru, koffíni eða einhverju hjálparefnanna sem talin eru upp í kafla 6.1.
- Krossópol fyrir bólgueyðandi gigtarlyfjum (NSAID) og salisýlötum.
- Saga um blæðingu eða rof í meltingarvegi, sem tengist fyrri meðferð með bólgueyðandi gigtarlyfjum (NSAID). Virkt maga- eða skeifugarnarsár eða saga um endurtekin slík tilvik (tvö eða fleiri aðskilin tilvik staðfestrar sáramyndunar eða blæðingar).
- Tilhneiging til blæðingar (blóðflagnafæð, K-vítamín skortur, dreyrasyki).
- Verulega skert lifrarstarfsemi.
- Verulega skert nýrnastarfsemi (GFR <10 ml/mín.).
- Astmi sem kemur fram eftir inntöku asetýlsalicýlsýru.
- Verulega skert starfsemi hjarta.
- Síðasti þriðjungur meðgöngu (sjá kafla 4.6).
- Börn yngri en 15 ára með sótthita (sjá kafla 4.4).
- Lesítin unnið úr soja getur innihaldið sojaprótein og getur því valdið ofnæmisviðbrögðum hjá sjúklingum sem eru viðkvæmir fyrir soja.

4.4 Sérstök varnaðarorð og varúðarreglur við notkun

Treo Citrus er ekki ætlað börnum yngri en 15 ára nema samkvæmt læknisráði.

Börn sem fá meðferð með lyfjum sem innihalda asetýlsalicýlsýru eru í hættu á að fá Reyes heilkenni. Þess vegna má eingöngu gefa börnum asetýlsalicýlsýru samkvæmt læknisráði þegar önnur úrræði hafa brugðist. Ef uppköst, skert meðvitund eða óeðlileg hegðun eru viðvarandi verður að hætta meðferð með asetýlsalicýlsýru og hafa samband við lækni.

Sjúklingum sem á að bólusetja gegn hlaupabólu er ekki ráðlagt að nota Treo Citrus, þar sem hættu á Reyes heilkenni eykst (sjá kafla 4.5).

Meta skal ávinning og áhættu meðferðar hjá sjúklingum með astma eða ofnæmi, vegna hættu á kasti (sjá kafla 4.8).

Meta skal ávinning og áhættu meðferðar hjá sjúklingum sem hafa tilhneigingu til að fá meltingartruflanir eða sem eru með sjúkdóm í slímhúð þarma.

Forðast skal langvarandi notkun hjá öldruðum vegna hættu á blæðingu í meltingarvegi.

Tilkynnt hefur verið um blæðingar, sáramyndun eða rof í meltingarvegi, sem getur verið banvænt, við notkun bólgueyðandi gigtarlyfja (NSAID) og geta slík tilvik komið fram hvenær sem er meðan á meðferðinni stendur, með eða án einkenna sem gefa vísbendingar um slíkt eða sögu um alvarleg tilvik í meltingarvegi.

Hætta á blæðingum, sáramyndun eða rofi í meltingarvegi er aukin við stærri skammta af bólgueyðandi gigtarlyfjum (NSAID), hjá sjúklingum með sögu um sáramyndun, einkum ef henni fylgir blæðing eða rof, og hjá öldruðum. Slíkir sjúklingar eiga að hefja meðferð með minnsta mögulega skammti. Íhuga á að beita samsettri meðferð með verndandi lyfjum (t.d. mísóprostóli eða prótónupumpuhemlum) hjá slíkum sjúklingum og hjá sjúklingum sem þurfa samhliða að nota bólgueyðandi gigtarlyf (NSAID) eða önnur lyf sem líklegt er að auki hættu á tilvikum í meltingarvegi.

Sjúklingar með sögu um eitúráhrif í meltingarvegi, einkum aldraðir sjúklingar, ættu að tilkynna um öll óvenjuleg einkenni frá kviðarholi (einkum blæðingar í meltingarvegi), aðallega við upphaf meðferðar. Ráðlagt er að gæta varúðar hjá sjúklingum sem fá samhliða lyf sem geta aukið hættu á sáramyndun og blæðingu, svo sem barkstera til inntöku, segavarnarlyf svo sem warfarín, sértæka serótónín endurupptökuhemla eða bólgueyðandi gigtarlyf (NSAID).

Ef blæðing eða sáramyndun verður hjá sjúklingum sem fá asetýlsalicýlsýru/koffín á að hætta meðferðinni.

Gæta skal varúðar við notkun bólgueyðandi gigtarlyfja (NSAID) handa sjúklingum með sögu um meltingarfærakvilla (sáraristilbólgu, Crohns sjúkdóm), þar sem ástand þeirra gæti versnað.

Forðast skal samtímis notkun Treo Citrus og blóðþynningarlyfja vegna aukinnar hættu á blæðingum (sjá kafla 4.5). Samhliða notkun Treo Citrus og áfengis getur aukið hættu á blæðingu í meltingarvegi.

Gæta skal sérstakrar varúðar hjá sjúklingum með sögu um háþrýsting og/eða hjartabilun, þar sem tilkynnt hefur verið um vökvasöfnun og bjúg í tengslum við meðferð með bólgueyðandi gigtarlyfjum (NSAID). Meta skal ávinning og áhættu meðferðar við meðferð á sjúklingum með skerta lifrar- eða nýrnastarfsemi (sjá kafla 4.2). Einkum þarf að hafa hættu á skertri nýrnastarfsemi og vökvasöfnun sem af því leiðir í huga við samhliða meðferð með þvagræsilyfjum (sjá kafla 4.5).

Hætta skal meðferð nokkrum dögum fyrir ráðgerða stóra skurðaðgerð.

Forðast skal samtímis notkun Treo Citrus og annarra bólgueyðandi gigtarlyfja, þ.m.t. sértækra cýklóoxygenasa-2 hemla, vegna aukinnar hættu á aukaverkunum (sjá kafla 4.5).

Örsjaldan hefur verið tilkynnt um alvarleg húðviðbrögð, sem sum hafa verið banvæn, þ.m.t. flagningshúðbólgu, Stevens-Johnson heilkenni og eitrunardreplos húðþekju, í tengslum við notkun bólgueyðandi gigtarlyfja (NSAID). Mest hættu virðist vera á að þessir kvillar komi fram snemma í meðferðinni og verður oftast fyrst vart við þá á fyrsta mánuði meðferðarinnar. Hætta á notkun asetýlsalicýlsýru þegar fyrst verður vart við útbrot á húð, skemmdir í slímhúð eða önnur merki um ofnæmi.

Stórir skammtar geta framkallað brátt rauðalosblóðleysi (acute hemolytic anemia) hjá sjúklingum með glúkósa-6-fosfat-díhýdrógenasa (G6DP) skort (sjá kafla 4.8).

Við langvarandi notkun (>10 sólarhringa í mánuði í meira en 3 mánuði) hvers konar verkjastillandi höfuðverkjalyfja getur höfuðverkurinn orðið verri og tíðari (höfuðverkur af völdum ofnotkunar lyfja). Við slíkt ástand eða ef grunur er um slíkt ástand skal sjúklingur hætta meðferðinni í samráði við lækni. Ef sjúklingar fá oft eða daglegt höfuðverkjast, þrátt fyrir (eða vegna) reglulegrar notkunar verkjastillandi lyfja, eru líkur á að um höfuðverk af völdum ofnotkunar lyfja sé að ræða. Það er þekkt að koffín í lyfjum getur valdið höfuðverk ef um lyfjaofnotkun er að ræða og einnig að það getur aukið hættu á versnun upphaflegs höfuðverkar (mígreni). Í sumum tilfellum getur koffín komið af stað mígreniköstum, en hins vegar getur það einnig valdið fráhrifarshöfuðverk ef töku þess er hætt skyndilega.

Vegna þess að Treo Citrus inniheldur koffín getur lyfið valdið erfiðleikum við að sofna ef það er tekið skömmu áður en gengið til náða.

Hjálparefni

Lyfið inniheldur 276 mg af natríum í hverri freyðitöflu, sem jafngildir u.þ.b. 14% af ráðlögðum heildardagskammti fyrir fullorðna sem er 2 g skv. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunni (WHO). Treo Citrus telst innihalda mikið natríum. Hafa skal það í huga, séu sjúklingar á natríumskertu mataræði. Gæta skal varúðar ef sjúklingur er með alvarlega skerta starfsemi hjarta.

Treo Citrus inniheldur súkrósa og maltódestrín. Sjúklingar með arfgengt frúktósaþþol, glúkósa-galaktósa vanfrásog eða súkrasa-ísómaltaþþurrð, sem er mjög sjaldgæft, skulu ekki að taka lyfið.

4.5 Milliverkanir við önnur lyf og aðrar milliverkanir

Sýrubindandi lyf

Mögulegur verkunarháttur: Aukin úthreinsun um nýru og minnkað frásog í nýrum (vegna hækkunar á sýrustigi (pH) þvags).

Ahrif: Minnkuð áhrif asetýlsalicýlsýru.

Sykursýkilyf

Mögulegur verkunarháttur: Eykur blóðsykurslækkandi áhrif.
Áhrif: Blóðsykurfall.

Adenósín

Mögulegur verkunarháttur: Methýlxantín er adenósín viðtakahemill og má því gera ráð fyrir að við meðferð með slíkum lyfjum aukist áhrif adenósín skammts. Forðast skal samhliða gjöf slíkra lyfja.
Áhrif: Aukin áhrif adenósín skammts.

Cíklósporín, tacrolimus

Gjöf bólgueyðandi gigtarlyfja (NSAID) samhliða cíklósporíni eða tacrolimus getur hugsanlega aukið eituráhrif cíklósporíns og tacrolimus á nýru. Ef um samhliða meðferð með þessum lyfjum er að ræða þarf því að fylgjast með nýrnastarfsemi.

Klózapín

Mögulegur verkunarháttur: Neysla koffíns hefur áhrif á plasmabéttni klózapíns. Þéttin minnkar um næstum 50% ef sjúklingar fá koffínlausar máltíðir í 5 sólarhringa. Þéttin eykst aftur í upprunalega þéttu þegar sjúklingar hefja aftur venjulega neyslu koffíns. Orsök áhrifanna er líklega sú að koffín hamlar CYP1 A2 miðlun umbrota klózapíns.
Áhrif: Minnkuð klózapín þéttu í plasma.

Flúvoxamín

Mögulegur verkunarháttur: Flúvoxamín er öflugur hemill CYP1A2 *in vitro* sem hvetur umbrot koffíns. Rannsóknir á heilbrigðum einstaklingum sýna að flúvoxamín minnkar úthreinsun koffíns úr 107 í 21 ml/mín. Þetta leiðir til aukinnar hættu á koffíneitrun við samhliða inntöku efnanna. Nauðsynlegt getur verið að aðlaga skammta þegar efnin eru notuð samhliða.
Áhrif: Minnkuð úthreinsun koffíns.

Lítíum

Mögulegur verkunarháttur: Koffín eykur úthreinsun lítíums. Hinsvegar hefur nýlega verið sýnt fram á í rannsóknum á sjúklingum að minnkuð neysla koffíns (úr fæðu) leiðir til örhlíðið meira en 20% aukningar á plasmabéttu lítíums.
Áhrif: Aukin úthreinsun lítíums.

Metamizól

Metamizól getur dregið úr verkun asetýlsalisýlsýru á samloðun blóðflagna þegar lyfin eru tekin samhliða. Sjúklingar sem taka asetýlsalisýlsýru í litlum skömmtum til verndar hjartanu þurfa því að gæta varúðar við samhliða notkun þessara lyfja.

Sértækir serótónín endurupptökuhemlar (SSRI):

Þessi samsetning getur valdið aukinni hættu á blæðingum í meltingarvegni vegna hugsanlegra samverkandi áhrifa.

Blóð og blóðmyndandi líffæri

Warfarín, phenprokomon, abciximab, tírófíban, eptífíbatíð, clopidógrél og heparín

Mögulegur verkunarháttur: Ef tvö eða fleiri lyf sem hindra starfsemi blóðflagna eru tekin samhliða asetýlsalicýlsýru aukast blóðþynnandi áhrif.
Áhrif: Aukin blæðingarhætta.

Hjarta og blóðrás

ACE hemlar

Mögulegur verkunarháttur: Asetýlsalicýlsýra hamlar nýmyndun prostaglandína.

Áhrif: Minnkuð áhrif ACE hemla.

Samhliða gjöf ACE hemils eða angíótensín II hemils og lyfja sem hamla virkni cýklóxygenasa getur leitt til þess að nýrnastarfsemi versni frekar, þ.m.t. að hugsanlega komi fram bráð nýrnabilun, sem er yfirleitt afturkræf. Því skal gæta varúðar við slíka samsetta meðferð, einkum hjá öldruðum. Sjúklingar þurfa að

vera nægilega vökvaðir og íhuga á að fylgjast með nýrnastarfsemi eftir að samhliða meðferð er hafin og reglulega eftir það.

Kalsíumgangalokar

Mögulegur verkunarháttur: Hamlandi samlegðaráhrif á starfsemi blóðflagna.

Áhrif: Aukin blæðingarhætta. Hætta á lengdum blæðingartíma.

Fúrósemíð

Mögulegur verkunarháttur: Asetýlsalicýlsýra hindrar pípluseytingu (tubular secretion) fúrósemíðs.

Áhrif: Minnkuð þvagræsandi áhrif fúrósemíðs.

Quinidín

Mögulegur verkunarháttur: Samlegðaráhrif á blóðflögur.

Áhrif: Lengdur blæðingartími.

Spírónólakton

Mögulegur verkunarháttur: Breytt renín-virkni.

Áhrif: Minnkuð áhrif spírónólaktóns.

Stoðkerfi

Barksterar

Mögulegur verkunarháttur: Aukið umbrot salicýlata.

Áhrif: Plasmabéttni salicýlats verður undir lækningalegum mörkum.

Ef meðferð með barksterum er minnkuð smám saman eða meðferð hætt getur hætta á blæðingu í meltingarvegi aukist.

Metótrexat

Mögulegur verkunarháttur: Minnkuð úthreinsun metótrexats.

Áhrif: Aukin hætta á eiturverkun metótrexats (hvítfrumnafæð, blóðflagnafæð, blóðleysi, nýrnaskemmdir, breytingar í slímhimnu).

Bólguþeyðandi gígtarlyf (NSAID)

Mögulegur verkunarháttur: Aukin erting í meltingarvegi.

Áhrif: Aukin hætta á blæðingu í meltingarvegi.

Próbenesíð

Forðast skal samhliða notkun lyfjanna.

Mögulegur verkunarháttur: Blokkun áhrifa á útskilnað þvagsýru.

Áhrif: Minnkuð áhrif próbenesíðs á útskilnað þvagsýru.

Skynfæri

Acetazólamíð

Mögulegur verkunarháttur: Aukin þéttni acetazólamíðs. Uppsöfnun salicýlats í vefjum.

Áhrif: Acetazólamíðeitrun (þreyta, drungi, svefnhöfði, ringlun, klórblóðsýring (hyperchloremetic metabolic acetosis)). Salicýleitrin (uppköst, hraðtaktur, oföndun, ringlun).

Flogalyf

Valpróat

Mögulegur verkunarháttur: Asetýlsalicýlsýra breytir bindingu og umbrotum valpróats.

Áhrif: Valpróateitrin (hömlun í miðtaugakerfi (CNS depression), óþægindi í meltingarvegi).

Annað

Ginkgo Biloba

Mögulegur verkunarháttur: Ginkgo Biloba hamlar samloðun blóðflagna.

Áhrif: Aukin blæðingarhætta.

Bóluefni við hlaupabólu

Verkunarháttur: Óþekktur

Áhrif: Aukin hættu á Reyes heilkenni. Ráðlagt er að taka ekki Treo Citrus fyrr en sex vikum eftir hlaupabólubólusetningu (sjá kafla 4.4).

4.6 Frjósemi, meðganga og brjóstgjöf

Meðganga

Takmarka á notkun Treo Citrus á meðgöngu vegna hugsanlegrar hættu á minnkaðri fæðingarþyngd og fósturláti sem tengist neyslu meira en 300 mg af koffíni á dag.

Fyrsti og annar þriðjungur meðgöngu

Frá og með 20. meðgönguviku getur notkun Treo Citrus valdið legvatnsþurrð af völdum truflunar á starfsemi nýrna hjá fóstri. Hún getur komið fram skömmu eftir að meðferð hefst og gengur yfirleitt til baka eftir að meðferð er hætt. Að auki hefur verið greint frá þrengingu á slagæðarás í kjölfar meðferðar á öðrum þriðjungum meðgöngu en flest tilfelli gengu til baka eftir að meðferð var hætt. Á fyrsta og öðrum þriðjungum meðgöngu skal því aðeins nota hemla á nýmyndun prostaglandína ef brýna nauðsyn ber til. Ef Treo Citrus er notað af konu sem er að reyna að verða barnshafandi, eða á fyrsta eða öðrum þriðjungum meðgöngu, eiga skammtar að vera eins litlir og meðferðarlengd eins stutt og mögulegt er. Hugleiða skal eftirlit með legvatnsþurrð og þrengingu á slagæðarás eftir útsetningu fyrir Treo Citrus í nokkra daga frá og með 20. meðgönguviku. Hætta skal meðferð með Treo Citrus ef vart verður við legvatnsþurrð eða þrengingu á slagæðarás.

Síðasti þriðjungur meðgöngu

Allir hemlar á nýmyndun prostaglandína á síðasta þriðjungum meðgöngu geta útsett fóstrið fyrir:

- Eiturverkun á hjarta og lungu (slagæðarás (ductus arteriosus) lokast of snemma og lungnaslagæðaháþrýstingur).
- Röskun á nýrnastarfsemi, sem getur leitt til nýrnabilunar og þannig minnkað magn legvatns.

og geta útsett móðurina og nýburann í lok meðgöngu fyrir:

- Lengdum blæðingartíma, vegna röskunar á samloðunarhæfni blóðflagna, sem getur komið fyrir jafnvel við mjög litla skammta.
- Hindruðum samdrætti í legi, sem getur orsakað það að fæðingin fer of seint af stað eða tekur lengri tíma.

Þess vegna eru lyf sem hindra nýmyndun prostaglandína, þar á meðal asetýlsalicýlsýra, frábending á síðasta þriðjungum meðgöngu (sjá kafla 4.3).

Brjóstgjöf

Konur með barn á brjósti mega nota lyfið

Asetýlsalicýlsýra skilst út í brjóstamjólk. Hlutfall milli þéttni asetýlsalicýlsýru í brjóstamjólk og plasma er 0,1-0,15.

Frjósemi

Ekki skal gefa konum sem hyggja á þungun bólgueyðandi gigtarlyf þar sem talið er að prostaglandínmyndunarhemlar geti dregið úr frjósemi.

Ef meðferð með bólgueyðandi gigtarlyfjum er nauðsynleg á meðferðarlengd að vera eins stutt og skammtar eins litlir og mögulegt er. Áhrif á frjósemi eru afturkræf.

Hömlun bólgueyðandi gigtarlyfja á nýmyndun prostaglandína getur haft skaðleg áhrif á meðgönguna og/eða þroska fósturvísis/fósturs. Niðurstöður faraldsfræðilegra rannsókna benda til að notkun prostaglandínmyndunarhemla, snemma á meðgöngu, geti aukið hættu á skyndilegu fósturláti og meðfæddum galla á hjarta barnsins sem og magarofi. Algild áhætta (absolut risk) á meðfæddri vansköpun á hjarta eykst frá því að vera minni en 1% til u.þ.b. 1,5%. Álitið er að hættan aukist með stærri skömmtum og lengri meðferðartíma. Hjá dýrum hefur gjöf prostaglandínmyndunarhemla leitt í ljós aukna tíðni missis fyrir og eftir hreiðrun auk dauða fósturvísis/fósturs. Auk þess hafa komið fram fleiri vanskapanir, þar á

meðal á hjarta og æðakerfi hjá dýrum, sem hafa verið útsett fyrir prostaglandínmyndunarhemlum á líffæramyndunartímabilinu.

4.7 Áhrif á hæfni til aksturs og notkunar véla

Treo Citrus hefur engin eða óveruleg áhrif á hæfni til aksturs eða notkunar véla.

4.8 Aukaverkanir

Meira en 10% af þeim sem eru meðhöndlaðir með Treo Citrus finna fyrir aukaverkunum. Algengustu aukaverkanirnar eru óþægindi í meltingarvegi.

Tíðni aukaverkana er háð skammtastærð og meðferðartíma.

<p>Blóð og eitlar Algengar ($\geq 1/100$ til $< 1/10$)</p> <p>Mjög sjaldgæfar ($\geq 1/10.000$ til $< 1/1.000$)</p> <p>Tíðni ekki þekkt (ekki hægt að áætla tíðni út frá fyrirbyggjandi gögnum)</p>	<p>Aukin tilhneiging til blæðingar</p> <p>Blóðflagnafæð, niðurbrot á rauðkornum við meðfæddan glúkósa-6-fosfatdíhýdrógenasaskort</p> <p>Blóðleysi</p>
<p>Ónæmiskerfi Sjaldgæfar ($\geq 1/1.000$ til $< 1/100$)</p>	<p>Ofnæmisviðbrögð (ofsakláði, nefkvef)</p>
<p>Geðræn vandamál Algengar ($\geq 1/100$ til $< 1/10$)</p>	<p>Svefnleysi, óróleiki</p>
<p>Taugakerfi Algengar ($\geq 1/100$ til $< 1/10$)</p> <p>Sjaldgæfar ($\geq 1/1.000$ til $< 1/100$)</p> <p>Tíðni ekki þekkt (ekki hægt að áætla tíðni út frá fyrirbyggjandi gögnum)</p>	<p>Skjálfti</p> <p>Sundl¹</p> <p>Höfuðverkur</p>
<p>Eyru og völungarhús Sjaldgæfar ($\geq 1/1.000$ til $< 1/100$)</p> <p>Tíðni ekki þekkt (ekki hægt að áætla tíðni út frá fyrirbyggjandi gögnum)</p>	<p>Eyrnasuð¹</p> <p>Skammtaháð og afturkræft heyrnartap</p>
<p>Hjarta Algengar ($\geq 1/100$ til $< 1/10$)</p>	<p>Hraðtaktur</p>
<p>Öndunarfæri, brjósthol og miðmæti Mjög sjaldgæfar ($\geq 1/10.000$ til $< 1/1.000$)</p>	<p>Berkjukrampar og einkenni um astma²</p>
<p>Meltingarfæri Algengar ($\geq 1/100$ til $< 1/10$)</p> <p>Sjaldgæfar ($\geq 1/1.000$ til $< 1/100$)</p>	<p>Óþægindi í meltingarvegi eins og t.d. blæðing í meltingarvegi, ógleði, niðurgangur, uppköst, meltingartruflanir, brjóstsviði</p> <p>Sáramyndun í meltingarvegi, sem getur valdið blæðingu og rofi</p>

Mjög sjaldgæfar ($\geq 1/10.000$ til $< 1/1.000$)	Alvarleg blæðing í meltingarvegi
Lifur og gall Mjög sjaldgæfar ($\geq 1/10.000$ til $< 1/1.000$) Tíðni ekki þekkt (ekki hægt að áætla tíðni út frá fyrirliggjandi gögnum).	Óeðlileg lifrarstarfsemi Reyes heilkenni hjá börnum ³
Húð og undirhúð Sjaldgæfar ($\geq 1/1.000$ til $< 1/100$) Koma örsjaldan fyrir ($< 1/10.000$)	Svitamyndun Alvarleg húðviðbrögð eins og ofnæmisbjúgur, purpuri, regnbogaroðasótt, Stevens-Johnson heilkenni og eitrunardreplos húðþekju (toxic epidermal necrolysis, Lyell's heilkenni)
Nýru og þvægfæri Mjög sjaldgæfar ($\geq 1/10.000$ til $< 1/1.000$)	Röskun í nýrnastarfsemi.
Almennar aukaverkanir og aukaverkanir á íkomustað Tíðni ekki þekkt (ekki hægt að áætla tíðni út frá fyrirliggjandi gögnum)	Þreyta
Rannsóknaniðurstöður Mjög sjaldgæfar ($\geq 1/10.000$ til $< 1/1.000$)	Hækkuð gildi transamínasa í blóði

¹ Þessar aukaverkanir eru venjulega einkenni ofskömmtunar.

² Tíðnin getur verið hærri hjá astmasjúklingum.

³ Salicýlöt eru hugsanlega tengd aukinni hættu á Reyes heilkenni hjá börnum (sjá kafla 4.4).

Tilkynning aukaverkana sem grunur er um að tengjast lyfinu

Eftir að lyf hefur fengið markaðsleyfi er mikilvægt að tilkynna aukaverkanir sem grunur er um að tengist því. Þannig er hægt að fylgjast stöðugt með sambandinu milli ávinnings og áhættu af notkun lyfsins. Heilbrigðisstarfsmenn eru hvattir til að tilkynna allar aukaverkanir sem grunur er um að tengist lyfinu til Lyfjastofnunar, www.lyfjastofnun.is.

4.9 Ofskömmun

Hættulegir skammtar:

Fullorðnir: 150 mg/kg.

Börn: 100 mg/kg.

Einkenni:

Asetýlsalicýlsýra

Langvinn eitrun: Væg langvinn einkenni salicýlateitrunar koma venjulega aðeins fram eftir langvarandi notkun stórra skammta. Einkenni eru m.a.: Sundl, heyrnarleysi, æðavíkkun, svitamyndun, uppköst og ringlun.

Bráð salicýlateitrun: Oföndun, aukin öndun (hyperpnea), hiti, eirðarleysi, ketósa, öndunarblóðlýting (respiratory alkalosis) og blóðsýring (metabolic acidosis). Í alvarlegum tilfellum getur komið fram alvarleg bilun hjarta- og æðakerfis (cardiovascular collapse), öndunarbílun, flog, lungnabjúgur og hömlun í miðtaugakerfi sem getur orsakað dá. Hjá börnum kemur oft fram sljóleiki og blóðsýring. Alvarleg blóðsykurlækkun getur einnig komið fram.

Bráð salicýlateitrun (> 300 mg/kg) getur leitt til bráðrar nýrnabilunar og skammtar yfir 500 mg/kg geta verið banvænir.

Koffin

Ógleði, höfuðverkur, svimi, eirðarleysi, eyrnasuð, skjálfti, æsingur, hraðsláttur, hraðöndun og aukid þvagrúmmál.

Meðferð

Magatæming er ráðlögð við bráða salicylateitrun eftir inntöku. Ef grunur er um inntöku á meira en 120 mg/kg skal gefa lyfjakol í endurteknum skömmtum. Mæla skal þéttni salicylata í plasma 2 klukkustundum eftir líklega inntöku og aftur 2 klukkustundum síðar. Veita skal vökva- og saltameðferð til að leiðrétta sýrustig, illkynja ofhita, blóðkalíumlækkun og vökvaskort.

Minnkun sýru í þvagi (alkalinisation), blóðskilun (hemodialysis), blóðsúun (hemoperfusion) eru allt áhrifaríkar aðferðir við að fjarlægja salicylöt úr plasma.

Eindregið er mælt með blóðskilun ef plasmabéttni salicylata er hærri en 700 µg/ml. Hjá börnum og öldruðum eru mörkin lægri.

5. LYFJAFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

5.1 Lyfhrif

Flokkun eftir verkun: Önnur verkjalyf og hitalækkandi lyf, salicylsýra og afleiður, ATC-flokkur: N02BA51.

Asetýlsalicylsýra hefur verkjastillandi, bólgueyðandi og hitalækkandi verkun. Verkunin er fyrst og fremst vegna hömlunar útlægrar og miðlægrar nýmyndunar prostaglandíns. Verkjastillandi áhrif eru einkum á útlæga verki.

Koffin hefur örvandi áhrif á miðtaugakerfið. Verkar almennt útvíkkandi á útlægar æðar, en er álitid draga saman æðar í heila og minnka blóðflæði í heila.

Koffin eykur verkjastillandi áhrif asetýlsalicylsýru.

5.2 Lyfjahvörf

Asetýlsalicylsýra frásogast næstum að fullu (meira en 90%) frá meltingarvegi, ákveðinn hluti frásogast strax úr maganum. Samhliða neysla fæðu hemur frásogið. Frásogið er hraðara úr freyðitöflum (hámarksplasmabéttni eftir u.þ.b. ½ klst.) en úr hefðbundnum töflum (u.þ.b. 2 klst.).

Strax í slímhúð þarma og í lifur umbrotnar hluti asetýlsalicylsýrunnar (u.þ.b. 50%) í salicylsýru með vatnsrofi. Bæði asetýlsalicylsýra og salicylsýra hafa klíniska verkun, helmingunartími asetýlsalicylsýru er aðeins 15-30 mínútur en helmingunartími salicylsýru er mismunandi langur, allt frá nokkrum klst. til eins sólarhrings eftir því hver plasmabéttin er.

Verkunartími er 4-6 klst.

Salicylsýra umbrotnar í lifur með því að tengjast glýcíni og glucúronsýru. Lítil hluti verður að gentininsýru. Salicylsýra útskilst bæði með gauksúun og pípluseytingu. Í píplunum verður ákveðið enduruppsog, sem er mest ef þvagið er súrt og því minni sem þvagið er basískara, þetta er hægt að færa sér í nyt við ofskömmtun salicylsýru, með því að hækka sýrustig þvags og auka þvagútskilnað.

Koffin frásogast næstum að fullu frá meltingarvegi. Hámarksplasmabéttni næst eftir u.þ.b. 1 klst, hraðar við notkun freyðitaflna. Helmingunartími í plasma er 3,5 klst.

5.3 Forklínískar upplýsingar

Ekki hefur verið sýnt fram á vanskapandi áhrif á fóstur.

6. LYFJAGERÐARFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

6.1 Hjálparefni

Sítrónusýra
Natríumhýdrógenkarbónat
Natríumkarbónat
Natríumdíhýdrógensítrat
Natríumsítrat
Mannítól (E421)
Natríumdókusat
Póvidón
Simeticon
Sítrónubragðefni (inniheldur súkrósa, maltódestrín, og sojalesítín (E322))

6.2 Ósamrýmanleiki

Á ekki við.

6.3 Geymsluþol

2 ár.

6.4 Sérstakar varúðarreglur við geymslu

Engin sérstök fyrirmæli eru um geymsluaðstæður lyfsins.

6.5 Gerð íláts og innihald

Töfluílát (úr áli) með plastloki, sem inniheldur þurrkefni.

Pakkningastærðir: 10, 20, 60 (3 x 20) stk.

Ekki er víst að allar pakkningastærðir séu markaðssettar.

6.6 Sérstakar varúðarráðstafanir við förgun og önnur meðhöndlun

Engin sérstök fyrirmæli.

7. MARKAÐSLEYFISHAFI

Cooper Consumer Health B.V.
Verrijn Stuartweg 60
1112AX Diemen
Holland

8. MARKAÐSLEYFISNÚMER

IS/1/19/050/01

9. DAGSETNING FYRSTU ÚTGÁFU MARKAÐSLEYFIS/ENDURNÝJUNAR MARKAÐSLEYFIS

Dagsetning fyrstu útgáfu markaðsleyfis: 10. júlí 2019.

10. DAGSETNING ENDURSKOÐUNAR TEXTANS

5. desember 2025.